

Mánudaginn 8. ágústmánaðar.

Nr. 8/1904:

Réttvísni

gegn

Teobald Árnasyni.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Skagafjarðarsýslu uppkveðnum 8. febr. þ. á. var hinn ákærði Teobald Árnason, tómthúsmaður á Sauðárkrók, dæmdur fyrir brot gegn 250. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að greiða 10 kr. sekt í landssjóð, svo og allan kostnað sakarinnar í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun 8 kr. til hins skipaða verjanda hans, sýslunefndarmanns Jóns Guðmundssonar. Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu með játningu hins ákærða sjálfs og eidfestum vottaskýrslum: að þá er hann kom úr fiskiróðri aðfaranótt 29. júlímánaðar f. á. og kom þar að, er síldarnet nokkur lágu og hann sjálfur átti eitt síldarnet, lagði hann að einu netinu og fór að taka síld úr því, en er hann hafði tekið 50—60 síldir úr neti þessu, rankaði hann við sér og tók eftir því, að þetta var ekki hans net, og hætti að taka síld úr því, enda hafði þá annar maður, er var að vitja um þorskanet, komið þar að og kallað til hans, að hann væri að fara í annara manna net. Síldina, sem ákærði þannig tók, seldi hann sem sína eign, en netið, sem hann tók síldina úr, virðist hafa verið eign Jóhannesar nokkurs Norðfjörðs, og hefir síldin verið metin á 1 kr. 50 a. til 1 kr. 80 a. Ákærði hefir staðfestlega haldið því fram, að það hafi verið óviljaverk hans og vangá,

að hann þannig tór í annars manns net, og hefir þessum framburði hans eigi verið hnekt. Hann verður fyrir því ekki dæmdur fyrir þjófnað, en þar sem hann eftir á hagnýtti sér síldina sem sína eigin eign, þótt hann þá væri orðinn þess viss, að svo var ekki, þá hefir hann gjörst brotlegur eftir 250. gr. alm. hegningarlaga. Það er komið fram í málinu, að ákærði hafi verið nokkuð drukkinn, er hann tók síldina, en það verður þó ekki álitíð, að það hafi haft áhrif á sakhæfi hans. Hegning sú, er hinn ákærði hefir til unnið fyrir brot sitt, þykir hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum 10 kr. sekt til landssjóðs samkv. hinni tilvitnuðu grein hegningarlaganna, sbr. við 249. gr. sömu laga, síðari málsgr., einkanlega með tilliti til þess, hve lítið verð var í síldinni. Verði sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma, skal 3 daga einfalt fangelsi koma í stað hennar. Um málskostnað í héraði skal aukaréttardómurinn vera óraskaður. Hinn ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lög-mæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Teobald Árnason greiði 10 króna sekt í landssjóð, eða sæti 3 daga einföldu fangelsi, ef

sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði skal aukaréttardómurinn vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum,

Nr. 12/1904:

Réttvísinn

gegn

Sveinbirni Árna Ingimundarsyni.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 21. marz.mán. þ. á., var ákærði, Sveinbjörn Árni Ingimundarson, dæmdur samkvæmt 230. gr. alm. hegningarlaga fyrir einfaldan þjófnað, til þess að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, og til þess að greiða iðgjöld Birni Jónssyni á Bíldudal 127 kr. 05 a.; svo var honum og með dóminum gjört að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, Björns lögregluþjóns Árnason-